



Frumvarp til nýrra umferðarlaga

Umsögn AKÍ 15. mars 2018

Almenn atriði

AKÍ er sammála því að tryggja þurfi fullnægjandi lagastoð fyrir setningu reglugerða og vinnureglna sem frekar marka umhverfi akstursíþróttá héraendis til samræmis við það sem best gerist erlendis.

Í frumvarpsdrögum er skilgreint að VI. kafli nái yfir keppni, sýningu og æfingar aksturíþróttá. AKÍ vill benda á að ekki er neins staðar, svo séð verði, náð yfir til dæmis akstur vegna kvikmynda- og eða auglýsingagerðar þar sem hraði bifreiða fer út fyrir almennar heimildir umferðarlaga.

3. gr. Skilgreiningar

AKÍ leggur til að í 3. gr. verði tekið burtu textinn “t.d. aksturkeppnissvæði” sem er ekki skilgreint, heldur verði í stað hans nýjum tölulíð bætt inni:

Akstursíþróttir: Keppni, æfingar og sýningar í akstri vélknúinna ökutækja þar sem undanþágur eru veittar frá ákvæðum umferðarlaga.

Auk skilgreiningarinnar hér að ofan er lagt til að í lögum verði eftirtaldar skilgreiningar að finna, þar sem nær öruggt er að þær nýtast við gerð reglugerðar um akstursíþróttir.

Íþróttavegur: Vegur sem einnig er notaður fyrir akstursíþróttir, til dæmis rally..

Keppnistæki: Hvert það ökutæki sem tekur þátt í akstursíþróttum samkvæmt VI kafla laga þessara.

Veghaldari: Hver sá sem ber ábyrgð á viðhaldi viðkomandi vegar.

Kaflafyrirsögn í VI. kafla

AKÍ leggur til að skilgreint verði í 3. gr. hvað **akstursíþróttir** eru og það orð notað í kaflafyrirsögn, ekki bæði **akstursíþróttir** og **aksturskeppni**.

38. gr. Leyfisveitingar og almennar reglur um aksturskeppni.

AKÍ bendir á að sé tekið tillit til athugasemdarinnar við kaflaheiti þessa kafla þá verður 1. setning 1. mgr. þannig:

Leita skal leyfis lögreglu til að stunda akstursíþróttir.

2. setning félli þá niður þar sem búið er að skilgreina þetta í orðinu akstursíþróttir.

Þriðja setning þyrfti þá aðeins að vera:

Hjólreiðakeppni telst til aksturíþróttá.



Akstursíþróttasamband Íslands

Lok 1. mgr. gerir ekki ráð fyrir því að leyfi þurfi frá eiganda þess svæðis þar sem akstursíþróttir fara fram, heldur er aðeins farið fram á samþykki sveitarstjórnar. Lagt er til að í stað:

Ef um akstursíþróttir á vegi er að ræða skal að auki leita samþykkis veghaldara. Ef um akstursíþróttir utan vega er að ræða skal að auki leita samþykkis viðkomandi sveitarstjórnar.

komi textinn:

Leyfi veghaldara þarf fyrir akstursíþróttir á vegi. Leyfi landeiganda og sveitarstjórnar þarf fyrir akstursíþróttir utan vega.

AKÍS leggur til að ákvæði úr gildandi umferðarlögum um að ráðherra sé heimilt að setja reglugerð um fébótaábyrgð og váttryggingu verði einnig til staðar í nýjum lögum, þannig að niðurlag 38. gr. hljóði svo:

Í þeirri reglugerð er heimilt að víkja frá ákvæðum laga um slysatryggingu, fébótaábyrgð og váttryggingu.

Í núgildandi lögum (50/1987) hljóðar þessi hluti 34. gr. svona:

Ráðherra setur nánari reglur um aksturskeppni, þar á meðal um eftirlit, greiðslu kostnaðar o.fl. Í þeim reglum er heimilt að víkja frá ákvæðum laganna um fébótaábyrgð og váttryggingu...

39. gr. Akstur barna á æfingasvæði og í skemmtigörðum.

Í 40. gr. er fjallað um undanþágur frá aldri í akstursíþróttum og því óþarfi að hafa það hér, enda virðist samkvæmt skýringu við greinina átt við akstur í skemmtigörðum og atvinnurekstri, ekki akstursíþróttir.

AKÍS telur ekki vænlegt að rugla skemmtigörðum og atvinnurekstri saman við akstursíþróttir og leggur til að akstri barna og fullorðinna í skemmtigörðum og atvinnurekstri verði fundinn annar staður í umferðarlögum, sé það vilji löggjafans að ná utan um slíkt.

AKÍS telur því að fjarlægja eigi þessa grein úr VI kafla frumvarpsins.